




Framvinduskýrsla Grænna skuldabréfa

Apríl 2021

Efnisyfirlit

1. Græn vegferð
2. Umhverfisábatí 2020
3. Viðauki



GRÆN VEGFERÐ LÁNASJÓÐS SVEITARFÉLAGA

- Það markar ánægjuleg þáttaskil í starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga að gefa út fyrstu framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Lánasjóðurinn hvetur sveitarfélög til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar með því að ráðast í verkefni sem milda loftslagsbreytingar og hafa jákvæð umhverfisáhrif.
- Útgáfa á grænum skuldabréfum samræmist mjög vel hlutverki sjóðsins og vilja sveitarfélaga að fjárfesta í umhverfisbætandi verkefnum.
- Græn vegferð Lánasjóðsins hófst árið 2019 þegar umhverfisstefna sjóðsins var samþykkt. Í framhaldinu var umgjörð grænna skuldabréfa unnin í samstarfi við Landsbankann.
- Græna umgjörðin byggir á alþjóðlegum viðmiðum sem ICMA hefur sett saman og byggir á fjórum grunnstoðum.* Lánasjóðurinn fékk vottun á umgjörðina frá alþjóðlega vottunaraðilanum Sustainalytics í október 2019.
- Fyrsta útboð Lánasjóðsins á græna skuldabréfinu LSS040440 GB var haldið í febrúar 2020.
- Græna vegferðin heldur áfram með fundum og samtölum við sveitarfélög þar sem leitað er tækifæra til að hringa grænum verkefnum í framkvæmd.



3F-19

- Umhverfisstefna samþykkt af stjórn
- Verkefni og umhverfismælikvarðar ákveðnir
- Fundir og samtöl við sveitarfélög um græn verkefni

4F-19

- Græn umgjörð samþykkt
- Græn umgjörð vottuð af Sustainalytics

1F-20

- Kynningar fyrir fjárfestum
- Fyrsta útboð á grænum skuldabréfum

20-21

- Áframhaldandi samtal við sveitarfélög um græn verkefni

Tilgangur grænna skuldabréfa



Lánasjóðurinn gefur út græn skuldabréf til að fjármagna verkefni sveitarfélaga sem stuðla að umhverfisvernd og sporna gegn loftslagbreytingum í samræmi við umhverfisstefnu Lánasjóðsins.

Markmiðið er að hagrænir hvatar séu til staðar þannig að grænar lánveitingar verði eftirsóknarverður kostur fyrir sveitarfélög.

Umhverfisstefnan


Markmið umhverfisstefnu

Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í starfsemi Lánasjóðsins og leggja samtímis sitt af mörkum til samfélagsins með því að fjármagna umhverfisbætandi verkefni sveitarfélaga

Umhverfisstefna Lánasjóðsins

- ✓ Vera leiðandi í umhverfismálum og sýna samfélagslega ábyrgð
- ✓ Stuðla að sjálfbærri þróun með því að fjármagna verkefni sem draga úr loftlagsbreytingum og hafa jákvæð umhverfisáhrif
- ✓ Bjóða upp á lán sem fjármögnuð verða með grænum skuldabréfum og hvetja sveitarfélög til að velja umhverfisvænni verkefni fram yfir annað
- ✓ Hvetja starfsmenn og stjórn til að leggja sitt af mörkum til umhverfisverndar og loftlagsmála

Lánshæf verkefni




Verkefni sveitarfélaga sem fjármögnuð verða með grænum skuldabréfum þurfa að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í umgjörðinni

Útgáfa grænna skuldabréfa

- Fyrsta útboð sjóðsins á grænum skuldabréfum gekk vonum framar og eftirspurn var mjög góð. 32 tilboð bárust fyrir 3.990 m.kr.
- Gefinn var út 1,1 milljarður á ávöxtunarkröfunni 1,35%. Til samanburðar var haldið útboð í LSS34 á sama tíma og var ávöxtunarkrafa 1,40%.
- 5 punkta munur sem skilaði sér sem fjárhagslegur ávinningur við fjármögnun á umhverfisbætandi verkefnum sveitarfélaga.



Grænt skuldabréf



UMHVERFISLEGUR ÁVINNINGUR

Umhverfislegur ávinningur 2020

Lánshæf verkefni hafa minnkað losun **gróðurhúsalofttegunda** um **538 tonn af CO2** og framleitt **49 GWh** af endurnýjanlegri orku



Framleiðsla á **49 GWh** af endurnýjanlegri orku



7,4 km af nýjum göngu- og hjólastígum



Lagður grunnur að **BREEAM- very good** byggingu




Ein skólphreinsistöð byggð Afkastageta frárennslilagna aukin um **82m3**



1730 MWh betri orkunýtni

Græn útlán til sveitarfélaga



Orkunýtni



Rafvæðing hafnar - 90 m.kr.

Áætluð afkastageta 625 MWh

Áætlaður sparnaður í CO2 507 tonn

LED - lýsing götuljóna – 10 m.kr.

Áætlaður orkusparnaður 49,2 MWh

Áætlaður sparnaður í CO2 0,43 tonn

Endurnýjun á stofnæð hitaveitu – 17 m.kr.

Bætt orkunýtni 1.100 MWh

Vistvænar samgöngur

Göngu- og hjólastígar – 80 m.kr.

Lengd göngu- og hjólastíga 7,4 km



Vistvænar byggingar

Hjúkrunarheimli – Breeam very good – 270 m.kr.

Áætlaður orkusparnaður 580 MWh

Áætlaður sparnaður í CO2 12,1 tonn



Endurnýjanleg orka



Dælustöð fyrir hitaveitu – 70 m.kr.

Þjónustar 20 þúsund heimili

Áætluð afkastageta 8M m³

Áætluð afkastageta 380 GWh

Öflun á heitu vatni - 180 m.kr.

Þjónustar 600 einstaklinga

Áætluð framleiðslugeta 49,18 GWh

Áætlaður sparnaður í CO₂ 18,7 tonn

Fráveitukerfi



Skólphreinsistöð – 20 m.kr.

Meðhöndlar um 5,2 m³/klst

Framleiðslugeta í Pe 250 g/m³

Fór áður óhreinsað en núna er losun í viðtaka

Heildar P (Total-P)	8	g/m ³
Heildar N (TKN)	44	g/m ³
BOD ₅	240	g/m ³
COD	480	g/m ³
TSS	360	g/m ³

Skólphreinsistöð – 35 m.kr.

Undirbúningur á framkvæmd hafinn.

Áætluð framleiðslugeta í PE 14.000 g/m³

Áætluð hreinsigeta	Purrefni	-90%
	N	-38%
	P	-29%
	BOD	-80%
	E-coli	-90%

Frárenslulagnir – 185 m.kr.

Endurnýjun skólplagnir 1368 m

Afkastageta aukin um 82 m³

Græn skuldabréf

VIÐAUKI

Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LS)

Staðfestingarskýrsla sem veitir takmarkaða vissu um ráðstöfun græns skuldabréfs í lánveitingar til grænna verkefna og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggir á réttum upplýsingum hvað varðar fjárhæð lántöku og lánveitinga í viðeigandi græn verkefni.

Ályktun

Við höfum yfirfarið ráðstöfun græns skuldabréfs í lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2020 og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggir á réttum upplýsingum hvað varðar fjárhæð lántöku og lánveitinga í viðeigandi græn verkefni samkvæmt grænni umgjörð LS, eins og lýst er á bls. 9 og á bls. 13 – 14 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að lánveitingar til grænna verkefna séu ekki í öllum meginatriðum í samræmi við græna umgjörð LS sem birt er á heimasíðu sjóðsins og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggir ekki á réttum fjárhæðum hvað varðar lántökur og lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2020 eins og lýst er á bls. 9 og á bls. 13 – 14 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa.

Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingavinnu okkar felur í sér skoðun á útgefnu grænu skuldabréfi og að því sé ráðstafað í lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2020 í þeim tilgangi að gefa niðurstöðuskýrslu sem felur í sér takmarkaða vissu um að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggir á réttum upplýsingum hvað varðar fjárhæðir lántöku og lánveitinga í viðeigandi græn verkefni eins og lýst er á bls. 9 og á bls. 13 – 14.

Við höfum yfirfarið að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa LS fyrir árið 2020 er byggð á réttum upplýsingum varðandi lánveitingar ársins til grænna verkefna í samræmi við græna umgjörð LS og að fjárhæð lántöku er í samræmi við útgefið skuldabréf í flokki LSS04040 GB eins og lýst er á bls. 9 og bls. 13 – 14 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa.

Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 (revised) sem á við um staðfestingavinnu aðra en endurskoðun og könnun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) eða alþjóðlega könnunarstaðla (ISRE). Markmið staðfestingavinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum „Ábyrgð endurskoðanda“.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

Aðgerðir

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaldið faglegri tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3000 (revised), síðareglur og óhæðisreglur.

PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Iceland
T: +354 550 5300, www.pwc.is

Skoðanir okkar samanstóðu m.a. af eftirfarandi:

- Að bera kennsl á og meta áhættuna á verulegum rangfærslum á framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna eins og lýst er á bls. 9 og bls. 13 – 14 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, að hanna og framkvæma staðfestingarvinnu sem nær yfir skilgreinda áhættu og afla staðfestingargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja ályktun okkar á. Meiri hætta er á að verulegar skekkjur vegna sviksemi uppgötvist ekki heldur en skekkjur vegna mistaka þar sem sviksemin er hönnuð til þess að komast ekki upp, m.a. með ólögum samráði, fölsunum, vísitandi gáleysi, rangfærslum eða sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.
- Að öðlast skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir staðfestingarvinnuna til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta í ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Lánasjóði sveitarfélaga í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðanda.

Við fylgum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC 1 og viðhöldum í samræmi við það alhliða kerfi gæðaeftirlits, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Önnur atriði

Staðfestingarvinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa en þær sem að ofan greinir og eru á bls. 9 og á bls. 13 -14. Ályktun okkar nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Ábyrgð stjórnenda LS

Stjórnendur LS bera ábyrgð á framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna á árinu 2020 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa í samræmi við græna umgjörð LS sem birt er á heimasíðu sjóðsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur bera stjórnendur ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu, útreikninga og mat á upplýsingum um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna þannig að framsetning upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg vísu fáiast um að framsetning upplýsinga í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna á árinu 2020 eins og lýst er á bls. 9 og bls. 13 - 14 sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vissu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á



áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna eins og lýst er á bls. 9 og bls. 13 – 14 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Takmörkuð víska veitir ekki eins mikla vissu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar vissu.

Skekkiur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulegar ef, bæði að hluta og í heild, þær eru taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notenda skýrslunnar byggt á framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna eins og lýst er á bls. 9 og bls. 13 – 14 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðréttá mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík, 27. apríl 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir

Arna G. Tryggvadóttir
Löggiltur endurskoðandi







Yfirlit fyrir græn lán 2020

Sveitarfélag	Græn útlán	Tilgangur	Lánshæf verkefni	Sparnaður í losun GHG - KG CO2	Orkusparnaður MWst	Vistvænar samgöngur - km	Áætluð aukning Afkasta - GWh/ár	Framleiðslugeta Pe (g/m3)	Endurnýjun lagna í metrum
Dalvíkurbyggð	90.000.000	Rafvæðing hafnar	Orkunýtni	507.000					
Skeiða- og Gnúpverjahrepps	20.000.000	Skólphreinsistöð	Fráveitukerfi					250	
Skútustaðahreppur	20.000.000	Hjólástígur	Vistvænar samgöngur			5			
	17.000.000	Hitaveitulagnir	Orkunýtni		1.101				
Árborg	10.000.000	Led lýsing	Orkunýtni	433	49				
	60.000.000	Hjólástígur	Vistvænar samgöngur			2			
	270.000.000	Breem vottað hjúkrunarheimili	Vistvænar byggingar	12.100	580				
	185.000.000	Frárennsilagnir	Fráveitukerfi						1.368
	35.000.000	Skólphreinsistöð	Fráveitukerfi					14.000	
Selfossvetur	250.000.000	Orkuöflun - endurnýjanleg orka	Endurnýjanleg orka	18.688			49		
Greidd græn útlán 2020	957.000.000			538.221	1.730	7	49	14.250	1.368

Græn skuldabréf - helstu skilmálar

Nýr skuldabréfaflokkur	LSS040440 GB
Heildarheimild flokks:	25.000.000.000
Nafnverðseiningar:	1 kr.
Tegund skuldabréfs:	Jafngreiðslubréf
Afborganir höfuðstóls og vaxta:	Höfuðstóll og vextir eru greiddir með 41 jöfnum greiðslum. Gjald dagar höfuðstóls og vaxta eru tvisvar á ári, 4. apríl og 4. október. Fyrsta greiðsla höfuðstóls og vaxta er 4. apríl 2020
Nafnvextir:	1,50%
Dagregla:	30E/360
Uppgreiðsluheimild:	Nei
Verðtrygging:	Já, vísitala neysluverðs
Tekið til viðskipta:	Skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. innan 3 mánaða frá uppgjörstegi
Tilgangur útgáfu:	<p>Skuldabréfin eru gefin út sem „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna verkefni sveitarfélaga sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og sporna gegn loftslagsbreytingum enda falla verkefnið undir umgjörð Lánasjóðsins um græn skuldabréf. Umgjörðin er aðgengileg fjárfestum á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga https://www.lanasjodur.is/fjarfestar/fjarmognun/graen-skuldabref/ og á skrifstofu Lánasjóðsins á skrifstofutíma.</p> <p>Útgefandi mun nýta fjármagn sem hann móttekur vegna útgáfu skuldabréfanna í græn verkefni í samræmi við umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga um græn skuldabréf</p> <p>Ytri endurskoðandi mun staðfesta að minnsta kosti einu sinni á ári að útgefandi hafi nýtt fjármagn í samræmi við umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga um græn skuldabréf</p> <p>Sjá aðra skilmála í útgáfulýsingu</p>

Hæf græn verkefni

Lánshæf verkefni	Heimsmarkmið	Dæmi um verkefni
Endurnýjanleg orka	7, 11, 12, 13 	<ul style="list-style-type: none"> • Vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir • Vindorka • Sólarorka • Vinnsla við hauggas eða sambærilegra virkjana sem ekki nýta jarðefnaeldsneyti sem orkugjafa
Vistvænar byggingar	7, 12, 13 	<ul style="list-style-type: none"> • Nýjar og endurbættar byggingar sem uppfylla alþjóðlega og innlenda umhverfisstaðla
Bætt orkunýting	7, 9, 13 	<ul style="list-style-type: none"> • Tækni sem dregur úr orkunotkun t.d. Ledljós • Hitaveita • Snjallnet (smart grids) • Aðrar aðgerðir sem draga a.m.k. úr 25% af orkunotkun
Meðhöndlun úrgangs	7, 9, 11, 12, 13 	<ul style="list-style-type: none"> • Tækjabúnaður sem minnkar sóun • Framleiðsla á endurnýjanlegri orku • Metanframleiðsla • Endurvinnsla sorps • Orkuframleiðsla úr sorpi • Urðunarstaðir
Vistvænar samgöngur	7, 11, 13 	<ul style="list-style-type: none"> • Innviðaupbygging fyrir almenningssamgöngur og rafknúin ökutæki • Hjólastígar • Rafhleðslustöðvar fyrir bíla og skip
Bætt vatnsnýting og frárennsli	6, 12, 14 	<ul style="list-style-type: none"> • Innviðir fyrir hreint vatn • Frárennslistöðvar • Meðhöndlun skólps



LS